

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/354
komudagur 27.11.2003



Reykjavík, 26. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Ísland hf., nr.75/2001

Og Vodafone (Og fjarskipti hf.) fagnar því að meðferð hlutfjár ríkisins í Landssímanum verði fært frá samgönguráðherra. Slíkt er í samræmi við það fyrirkomulag sem gerist í öðrum Evrópulöndum og í samræmi við þau lög og reglur sem gilda innan EES.

Og Vodafone telur hins vegar óheppilegt að meðferð hlutfjárins færist til fjármálaráðherra. Ein megin forsenda frumvarpsins er að það geti verið óheppilegt að handhöfn hlutfjárins "sé hjá sama ráðherra og fer með mál er varða síma og önnur fjarskipti... ." Á þetta sjónarmið er fallist enda hafa forráðamenn Og Vodafone og forvera þess fyrirtækis oft sinnis bent á þetta á opinberum vettvangi. Félagið telur það þó einnig geta verið óheppilegt að handhöfn hlutfjárins sé hjá sama ráðherra og fer með mál er varða útboð á opinberri þjónustu – fjármálaráðherra. Fjármálaráðherra hefur beina hagsmuni af því að markaðshlutdeild Landssíma Íslands verði sem mest á meðan félagið er í opinberri eigu. Á þessari stundu er með öllu óljóst hvenær sala á hlutafé ríkisins í Landssímanum fer fram og hversu mikið af því hlutafé verður selt í fyrstu umferð. Sú ráðstöfun sem lögð er til skv. frumvarp þessu er ekki til þess fallin að hvetja til útboðs á fjarskiptaþjónustu ríkisins.

Fjöldmörg útboð hafa farið fram á fjarskiptaþjónustu fyrirtækja og stofnana á síðustu árum. Nær undantekningarlaust hafa þau lækkað fjarskiptakostnað þeirra verulega. T.a.m. reyndust tilboð Og Vodafone og forvera þess fyrirtækis 32 til 51% lægri en tilboð Landssíma Íslands í útboði á fjarskiptaþjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar. Allar forsendur eru til að ætla að ríkið nái fram viðlíka sparnaði kjósi það að taka sömu skref og fyrrnefndir aðilar. Sá dráttur sem orðið hefur á þessari ákvörðun er samkeppnishindrandi fyrir Og Vodafone enda er ríkið stærsti einstaki kaupandi fjarskiptaþjónustu á landinu.

Á meðan stjórnvöld hafa ekki markað stefnu í útboðsmálum á fjarskiptaþjónustu stjórnarráðsins, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja telur Og Vodafone afar óheppilegt að frumvarpið verði lagt fram í þeirri mynd sem það er núna. Slíkt er einungis til þess fallið að vekja upp spurningar um hagsmunaárekstra.

Virðingarfyllst,

Ingvar Garðarsson
framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs

Og fjarskipti hf.
Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími 599 9000
Fax 599 9001
www.ogvodafone.is